

# Skólapúlsinn

Kæra foreldri/forráðamaður.

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því verkefni er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem spurt er um.

Virknir nemenda	Líðan nemenda	Skóla- og bekkjarandi
<ul style="list-style-type: none"><li>• Ánægja af lestri</li><li>• Áhugi og ánægja af stærðfræði</li><li>• Áhugi og ánægja af náttúrufræði</li><li>• Trú á eigin námsgetu*</li><li>• Trú á eigin vinnubrögð í námi*</li><li>• Stjórn á eigin árangri</li><li>• Prautseigja í námi</li><li>• Fjarvera</li><li>• Íþróttir/líkamsrækt</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjálfsálit</li><li>• Stjórn á eigin lífi</li><li>• Vanlíðan</li><li>• Kvíði</li><li>• Einelti</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Að tilheyra skólanum</li><li>• Samband nemenda við kennara</li><li>• Agi í tímum</li><li>• Virk þátttaka í tímum</li><li>• Hvatning kennara</li><li>• Mikilvægi heimavinnu í náminu</li><li>• Lýðræði í skólastarfi*</li></ul>

\*Nýir kvarðar 2010-2011

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu sem kallast Skólapúlsinn. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara könnuninni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans. Niðurstöður úr könnuninni eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala fyrir hópa. Niðurstöðurnar verða jafnframt notaðar af aðstandendum verkefnisins til að framkvæma tölfræðigreiningar til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu. Nöfn nemenda og aðrar persónuupplýsingar koma hvergi fram við úrvinnsluna. Verkefnið hefur verið tilkynnt Persónuvernd og er hægt að skoða tilkynninguna á [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is), undir tilkynningarnúmerinu S3945.

Með þessu bréfi er óskað eftir samþykki hjá foreldrum/forráðamönnum fyrir þátttöku þíns barns í Skólapúlsinum. Nemandinn er einnig beðinn um samþykki þegar könnunin er lögð fyrir. Við biðjum vinsamlegast um leyfi þitt fyrir að þitt barn svari spurningalistanum. Ef þú ert samþykkt/ur þátttöku þarftu ekkert frekar að gera. Ef þú vilt ekki að barn þitt taki þátt, vinsamlega ritaðu þá nafn þitt hér fyrir neðan og komdu því á skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um verkefnið eru á [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is). Einnig er hægt að hringja í aðstandendur verkefnisins Kristján Ketil Stefánsson og Almar M. Halldórsson, í síma 499-0690 eða senda tölvupóst á [kristjan@skolapulsinn.is](mailto:kristjan@skolapulsinn.is)

Ég vil ekki að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn

Skóli: \_\_\_\_\_

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris/forráðmanns: \_\_\_\_\_

Skólapúlsinn